

**Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
b/t Ingvars Þórs Sigurðssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 30. nóvember 2005

Efni: Frv. til I. um br. á I. um Póst- og fjarsk.st. nr. 69/2003 (267.mál).

Þrátt fyrir það að nefndina hafi ekki óskað eftir umsögn Viðskiptaráðs Íslands um ofangreint frumvarp telur ráðið hinsvegar rétt að koma að nokkrum athugasemdum við frumvarpið. Lagt er til í frumvarpinu að úrskurðarnefnd fjarskiptamála verði lögð niður og að samgönguráðuneytið verði þess í stað úrskurðaraðila á stjórnarsýslustigi.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er tekið fram að reynsla af starfi nefndarinnar hafi verið góð. Þau rök sem eru einkum nefnd fyrir niðurlagningu nefndarinnar eru þrjúþætt. Í fyrsta lagi er sagt að Síminn hf. hafi verið seldur. Ljóst er að þótt það hafi verið meðal röksemda fyrir tilkomu nefndarinnar að mikilvægt væri að úrskurðaraðila væri ótengdur aðilum málsins, þá er ekki algerlega brostinn grundvöllur fyrir tilvist nefndarinnar. Má t.d. nefna að Póst- og fjarskiptastofnun er aðili máls þegar ákvörðunum hennar er skotið til úrskurða á stjórnarsýslustigi. Má ætla að slíkt fyrirkomulag standist ekki skuldbindingar Íslands skv. EES samningnum.

Í öðru lagi er tekið fram að málafjöldi sé lítill. Samt sem áður er talin ástæða til að ráða sérstakan sérfræðing á þessu sviði í ráðuneytið. Því má velta upp hvort ekki sé heppilegra að hafa áfram nefnd sem getur komið saman þegar mál koma upp í stað þess að halda úti sérstökum starfsmanni. Í þriðja lagi er það nefnt að nefndin hafi ekki með höndum stefnumörkun eða hafi ekki stöðu til að fylgja úrskurðum sínum. Þetta gildir um allar úrskurðarnefndir og hefur gjarnan verið talið heppilegt fyrirkomulag að þetta væri ekki á sömu hendi.

Af framangreindum ástæðum leggst Viðskiptaráð gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson